

Dalabyggð  
Byggingarfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 3.apríl 2019  
UST201902-246/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016 – breyting – frístundabyggð í landi Óss á Skógarströnd og tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Óss, Skógarströnd í Dalabyggð.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar í landi Óss á Skógarströnd og tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Óss. Breytingin felst í því að frístundasvæði í landi Óss stækkar úr 20 ha í 25 ha og frístundalóðum er fjölgað úr 10 í 18.

**Náttúruminjar**

Umhverfisstofnun bendir á að strendur á ofangreindu skipulagssvæði eru á friðlýstu svæði, Breiðarfjörður ásamt eyjum, hölmum og skerjum er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að skipulagssvæðið er á svæði nr. 230 á náttúruminjaskrá, en þar segir: *Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði, Stykkishólmi (áður Helgafellssveit), Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.*

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem ofangreint svæði er innan friðaðs svæðis Breiðafjarðar og þar sem fjörur Álftafjarðar eru á náttúruminjaskrá, eru það skýr merki um að verndargildi fjörunnar á svæðinu er hátt og því er mikilvægt að á uppdrætti komi fram hve langt frá sjó eða á byggingarreitir eru áætlaðir. Umhverfisstofnun bendir á að fjarlægðir frá byggingarreitum eru ekki sýndir á uppdrætti. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en

*50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m. “*

Þar sem ofangreint skipulagssvæði er á náttúruminjaskrá og á verndarsvæði Breiðafjarðar þá mælir Umhverfisstofnun með því að framkvæmdir verði ekki nær sjó eða ánni en 100 m, bæði til að vernda sjávarströnd og til að vernda bakkagróður sjá gr. 62 í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Vistgerðir**


Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar sýna að á því frístundasvæði sem nú stendur til að stækka eru eldri tún, en einnig eru þar nyrst á svæðinu lyngmóavist og fjalldrapamóavist og er verndargildi þeirra miðlungs hátt.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um fráveitu og mikilvægi þess að staðið verði vel að verki og að við staðsetningu rotþróa sé tekið tillit til náttúruminjasvæða. Einnig bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögu um breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar og tillögu að stækkun frístundabyggðar í landi Óss. Í greinargerð kemur fram að þegar hafa verið reist 6 frístundahús skv. nógildandi deiliskipulagi, og því er hér um að ræða viðbót við frístundasvæði þar sem þegar eru hafnar framkvæmdir á. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjarlægðir framkvæmda frá sjávar- og árbökkum verði minnst 50 m og mælir stofnunin með því að þær verði 100 m. Setja þarf fjarlægðir byggingarreita inn á deiliskipulagsuppdrátt. Mikilvægt er að sjávarströnd, árbakkar og bakkagróður verði ekki fyrir röskun, sjá hér að ofan.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur